

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Austurberg 3.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. október 2014 breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, vestur- og miðdeild, vegna lóðarinnar nr. 3 við Austurberg. Í breytingunni felst að komið er fyrir einnar hæðar byggingarreit sunnan við íþróttahús, heimilt er að koma fyrir millipalli og bílastæðum á lóð fækkað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Vatnsveituvegur 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 5. nóvember 2014 breytingu á deiliskipulagi Víðidals vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsveituveg. Í breytingunni felst heimild til að byggja við austurhlið hesthúss.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. nóvember 2014.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2014